

**Apríl 2001**

# **Ársskýrsla**

## **2000**

---

# Veiðimálastofnun

## Yfirlit um starfsemi 2000

### Efnisyfirlit

	Bls.
- Stjórn og starfsmenn Veiðimálastofnunar	2
- Spjall	3
- Fjármál	5
- Lax- og silungsveiðin 2000	5
- Veiðihorfur sumarið 2001	6
- Hapdrætti	8
- Ritaskrá	10

## Stjórn veiðimálastofnunar:

Vífill Oddsson

- Formaður

Böðvar Sigvaldason

- Landssamband veiðifélaga

Þórólfur Halldórsson

- Landssamband stangveiðifélaga

Ólafur Wernersson

- Landssamband fiskeldis- og  
hafbeitarstöðva

Þorsteinn Þorsteinsson

- Bændasamtök Íslands

## Starfsfólk:

### Reykjavík

Bylgja Björk Guðjónsdóttir

- Bókhald

Eydís H. Njarðardóttir

- Rannsóknarmaður

Friðþjófur Árnason B.Sc.

- Líffræðingur og Ph.D. nemi

Guðni Guðbergsson Cand. Scient

- Fiskifræðingur

Jorge H. Fernández Toledono

B.Sc.Hons.

- Líffræðingur og M.Sc. nemi

Ingi Rúnar Jónsson Cand. scient

- Fiskifræðingur

Jóhannes Sturlaugsson B.Sc.

- Líffræðingur

Ragnhildur Þ. Magnúsdóttir B.Sc.

- Líffræðingur

Sigurður Guðjónsson Ph.D.

- Fiskifræðingur – framkvæmdastjóri

Þorkell Heiðarsson B.Sc.

- Líffræðingur og M.Sc. nemi

Þóra Vignisdóttir

- Skrifstofustjóri

Þórólfur Antonsson M.Sc.

- Fiskifræðingur

Valdimar Gunnarsson M.Sc. Fisheries

- Sjávarútvegsfræðingur

### Vesturlandsdeild Borgarnesi

Sigurður Már Einarsson M.Sc.

- Fiskifræðingur – Útibússtjóri

Rúnar Ragnarsson

- Rannsóknarmaður

### Norðurlandsdeild Hólum í Hjaltadal

Bjarni Jónsson M.Sc.

- Fiskifræðingur - Útibússtjóri

### Suðurlandsdeild Selfossi

Magnús Jóhannsson Cand. Scient

- Fiskifræðingur – Útibússtjóri

Benóný Jónsson B.Sc.

- Líffræðingur

## Spjall

Vistfræði ferskvatns á Íslandi er afar fjölbreytt og það stafar af fjölbreyttu umhverfi með tilliti til jarðfræði og veðurfars. Fáar tegundir ferskvatnsfiska og lífvera lifa við þessar fjölbreyttu aðstæður og hér getum við því séð aðlögun fárra tegunda að fjölbreyttu umhverfi. Þetta skapar spennandi og sérstakan rannsóknaveitvang. Þennan veitvang og þessi vistkerfi þarf að kortleggja mun betur svo vel sé.

Verðmæti veiðinýtingar í ám og vötnum á Íslandi hefur aukist á undanförunum árum og líklegt að sú þróun haldi áfram. Til að svo geti orðið byggir á því að áfram sé vel á málum haldið. Veiðinýting byggir á langri hefð, sem gefur af sér arð til þeirra sem land eiga að veiðivatni. Markmið löggjafar í veiðimálum er að tryggja viðgang veiðistofna og dreifa veiði og tekjum af henni á ákveðinn hátt. Þetta hefur reynst farsælt og almennt ríkir um þetta sátt. Mikilvægt fyrir arðsemi af nýtingu laxastofna er bann við laxveiðum í sjó, sem Íslendingar voru svo forsjálir að koma á með laxveiðilögunum 1930. Skráning á laxveiði á Íslandi er afar góð, sem er mjög mikilvægt til að stjórna veiðinýtingu og sjá afleiðingar aðgerða í ám og vötnum. Sókn í árnar er bundið við ákveðið leyfilegt veiðiálag (tiltekin fjölda stanga og stangadaga) og hefur verið svo um árabil.

Laxveiði er nær fullnýtt á landinu og eftirspurn er vaxandi. Þetta þýðir að verð veiðileyfa hefur hækkað. Við þær aðstæður er tilhneiging í þá átt að auka sókn í veiðinni bæði beint og óbeint. Þetta er talsvert áhyggjuefni þar sem við vitum ekki nákvæmlega hvar veiðipölmörk laxastofnanna liggja. Þar við bætist að endurheimtur úr sjó

hin síðari ár hafa verið lægri en áður var. Síðasta hálfu annan áratuginn komið mun minna af stórlaxi (2 ár í sjó) úr sjó en áður var. Þessi breyting varð skyndilega og hefur viðhaldist síðan. Um ástæður þessa er ekki vitað en líklegt er að umhverfisskilyrði í hafinu hafi breyst, þar sem viðlíka breyting hefur átt sér stað í laxastofnum í öllu Norður Atlantshafi. Þar sem stórlax er fremur í ám á Norður- og Austurlandi, hefur þessi breyting haft meiri áhrif þar. Þar sem hrygnur koma fremur sem stórlaxar og hængar fremur sem smálaxar (1 ár í sjó) hefur þessi breyting í för með sér miklar breytingar á fjölda þeirra hrogna sem hrygnt er í ánum. Þetta þýðir að sérstaka aðgátar er þörf svo að ekki sé of nærri laxastofnum gengið. Teljum sem skrá stærð og fjölda göngufiska hefur verið komið fyrir í nokkrum ám á landinu og niðurstöður þeirra eru m.a. notaðar við rannsókn á veiðiálagi. Í mörgum ám landsins er vel fylgst með seiðabúskap. Almennt hafa rannsóknir á seiðabúskap ekki sýnt merki um ofveiði. Afar brýnt er að vel sé fylgst með laxveiðiánum og veiðifélög viti hvar þau eru á vegi stödd hvað nýtingu laxastofna viðkemur. Þarna þurfa veiðifélögin sum hver að bæta sig.

Á Veiðimálastofnun hafa rannsóknir á laxi í sjó farið fram, en þær þarf að stórauka. Stofnunin er þátttakandi í Evrópuverkefni, sem tekur meðal annars til affalla lax í sjó þar sem flest ríki sem hafa Atlantshafslax í ám sínum taka þátt. Líklegt er sú samvinna leiði til frekari rannsóknaverkefna. Ný tækni með mælimerkjum (staðsetningarskráning) gefur mikla möguleika í þeim efnum en hún byggir á íslensku hugviti og er íslensk smíð (Stjörnuoddi). Þessar rannsóknir eru kostnaðarsamar og ljóst er að finna þarf

umtalsvert fjármagn, sem allra fyrst til að fjármagna þær.

Vaxandi sókn hefur verið í stangveiði silungs og ljóst að verðmæti þeirrar nýtingar er mikil og mun aukast. Brýnt er að saman fari rannsóknir á líffræði og veiðipoli þeirra stofna og aukin uppbygging í veiðinýtingu.

Árleg velta í kringum stangveiði á Íslandi er áætluð um 3 milljarðar. Þar af eru tæp 50% tekjur til veiðifélaga. Áætlað er að Íslendingar verji 2.032 milljónum til stangveiða þar af 874 milljónir til veiðileyfakaupa, samkvæmt norrænni könnun sem stofnunin tók þátt í (tölur hér eru uppreiknaðar frá könnun desember 1999). Það sem vantar á heildina kaupa útlendingar. Það er því víst að þessi auðlind er stór og góðir möguleikar eru á að auka tekjurnar.

Önnur nýting ferskvatns og umhverfi þess getur valdið árekstrum við veiðinýtingu og jafnframt breytt og skaðað vistkerfi ferskvatns. Þegar kostir á virkjun orku í landinu eru metnir er brýnt að áhrif þeirra á lífríki ferskvatns sé metið og reynt að lágmarka slíkan skaða með vali á virkjunarkostum og tilhögun virkjana. Kröfur um umhverfismat vegna framkvæmda hafa verið að aukast á síðust árum og er það vel. Með vaxandi kröfum á því sviði kemur í ljós þörfin á þekkingu á vistkerfum landsins sem þarf að stórbæta með auknum rannsóknum og að viðhalda heildaryfirsýn. Þar gegna rannsóknarstofnanir eins og Veiðimálastofnun lykilhlutverki. Jákvæð þróun hefur verið meðal orkufyrirtækja að láta fylgjast með lífríki þeirra vatnakerfa sem þau starfa í, en rekstur virkjana getur haft áhrif, rétt eins og bygging virkjunar. Með árlegri vöktun er vel fylgst með ástandi vistkerfisins og hægt að

stýra rekstrinum á þann hátt að hann skaði sem allra minnst.

Vaxandi áhugi er á laxeldi í sjókvím við Ísland og stórar fyrirætlanir á því sviði. Rétt er að varlega sé farið í fiskeldi á þeim tegundum sem hér lifa svo og á framandi tegundum. Koma þarf í veg fyrir alvarleg slys þar sem vistfræðileg og erfðafræðileg áhrif svo og sjúkdómar geta haft óafturkræf neikvæð áhrif á þá dýrmætu auðlind sem fiskistofnarnir eru. Við þessu hefur Veiðimálastofnun varað, og hafa þau varnaðarorð stundum látið illa í eyrum þeirra sem hraðast vilja fara í framkvæmdum í laxeldinu. Mikil umræða hefur átt sér stað og oft ekki mjög málefnaleg. Stofnunin gekkst fyrir ráðstefnu um þetta efni seint á síðasta ári. Fengnir voru til landsins erlendir vísindamenn sem þátt tóku í ráðstefnunni. Ráðstefnan tókst vel og skapaði betri umræðugrunn en áður var. Stjórnvöld eru óðum að verða betur undirbúin að sinna fiskeldi, en mikilvægt er að strax í upphafi sé því skapað það starfsumhverfi sem þarf. Sú niðurstaða varð að sjókvíaeldi á frjóum laxi er ekki leyft á ákveðnum svæðum og þá um leið er sjókvíaeldinu beint inn á önnur síður viðkvæm svæði. Nýta á þá reynslu sem þar fæst sem allra best svo hægt sé að grundvalla frekari þróun í fiskeldi á þekkingu sem þannig fæst en okkur skortir í dag. Þarna er stofnunin tilbúin að beita kröftum sínum. Almennt er menn sammála um að sátt þurfi að ríkja á milli fiskeldis og villtrar náttúru svo og þeirra sem tekjur af hafa af sjálfbærri nýtingu hennar. Það gerist best á þann hátt að náttúrulegum fiskistofnum stafi sem allra minnst hætta af fiskeldi. Þær rannsóknir sem skortir eru meðal annars; kortlagning farleiða laxa í hafinu og með ströndum landsins auk

erfðafræðirannsóknna á íslenskum laxastofnum í helstu ám landsins og á þeim efnivið sem notaður er í laxeldi í dag. Einnig er mikilvægt að strax sé hugað að menntun í fiskeldi á háskólastigi. Þar vantar okkur fólk sem þróað getur eldi á hinum ýmsu tegundum bæði þeim sem nú eru nýttar og um er rætt, eins og lax, bleikju, krækling, lúðu sem og aðrar tegundir. Ljóst er að mikil framtíð er í fiskeldi og þurfum við á Íslandi óhikað að taka þátt í þeirri þróun og gera það vel og í góðri sátt við náttúruna. Séum við framfarir á því sviði en aðrir felst í því forskot og miklir möguleikar í sölu afurða á markaði.

Sigurður Guðjónsson

## Fjármál

Árið 2000 gekk allvel rekstrarlega. Niðurstaðan var sú að tekjur urðu lítillega minni en gjöld. Reksturinn er mjög háður sértekjum og styrkjaöflun. Sértekjur jukust verulega milli ára en einnig urðu talsverðar hækkningar á rekstrarliðum. Niðurstaða rekstrarreiknings stofnunarinnar verður því að teljast allviðunandi þó staðan um áramót hafi verið neikvæð.

Fjármagn skortir tilfinnanlega til að sinna þeim verkefnum sem stofnuninni er ætlað. Má þar nefna öflun grunnþekkingar á náttúrufari ferskvatnsvistkerfa og um líffræði fiskstofna og nýtingu þeirra. Einnig vantar fjármuni til þróunarverkefna til að koma á veiði úr vannýttum silungsstofnum bæði í ám og vötnum og nauðsynlegum rannsóknum þar að lútandi. Þá kallar aukið fiskeldi á stór auknar rannsóknir.

## Uppgjör árið 2000

### Gjöld (þús. Kr.):

Laun	56.750
Eignakaup	4.899
Önnur gjöld	35.826

**Samtals 97.475**

### Tekjur (þús. kr.):

Þjónusta og aðrar tekjur	40.430
Rannsóknastyrkir	18.887
Ríkisframlag	35.900

**Samtals 95.217**

Mismunur - 2.258

## Lax- og silungsveiðin 2000


Sjóbirtingsveiði ársins 2001 hófst 1. apríl síðastliðinn og silungsveiði í sumum stöðuvötnum er hafin. Senn líður að því að nýtt laxveiðitímabil hefjist í ám landsins. Þó síðasta veiðitímabil heyrir sögunni til eru ýmsir sem áhuga hafa á niðurstöðutölum veiðinnar á liðnu ári.

Við úrvinnslu veiðiskýrsla fyrir lax- og silungsveiðina 2000 komu fram eftirfarandi niðurstöður.

Sumarið 2000 voru skráðir alls 27.296 laxar veiddir á stöng og 4.158 laxar veiddust í net í ám. Alls eru þetta 31.454 laxar og heildarþungi þeirra var 82,9 tonn sem skiptist þannig að 70,3 tonn veiddust á stöng, 12,6 tonn í net.

Stangveiði á laxi var 4.151 laxi minni (13,2%) en hún var 1999 og 22,6% minni en meðalveiði árána 1974-1999. Af þeim 27.287

löxum sem skráðir voru í veiðibækur var 2.918 sleppt aftur (veitt og sleppt) sem er um 10,7% af veiðinni og heildarafli laxa var því 24.432. Í stangveiðinni voru 20.681 (75,8%) laxar sem verið höfðu eitt ár í sjó og 3.751 (24,2%) tvö ár í sjó.



Fjöldi stangveiddra laxa á Íslandi 1974-2000

Af einstökum ám var veiðin mest í Rangánum 3.744 laxar, í öðru sæti var Norðurá með 1.650 laxa og í þriðja sæti var Selá í Vopnafirði 1.360 laxa.


Í stangveiði voru skráðir alls 74.655 silungar, 39.822 urriðar og 34.833 bleikjur en samanlagður silungsaflí var um 70 tonn.

Flestir urriðar veiddust í Veiðivötnum 12.205, í Laxá í Þingeyjarsýslu ofan Brúa, 6.522, og í Fremri Laxá á Ásum 2.980.

Af bleikju veiddust flestar í Víðidalssá og Fitjá 3.138, 2.900 veiddust í Hlíðarvatni og 2.712 veiddust í Vatnsdalssá.


Frá árinu 1998 hefur netaveiði á laxi eingöngu verið stunduð í fersku vatni eftir að gengið var frá uppkaupum á netaveiðirétti á laxi í sjó. Nokkuð er einnig um að þeir sem stangveiðirétt hafa borgi fyrir það að netaveiðiréttur sé ekki nýttur og auka með því laxgengd og stangveiði. Þannig háttar t.d. til í Hvítá og hliðarám hennar í Borgarfirði. Netaveiði á laxi sumarið 2000 var um 37% minni en hún var 1999 en um 71% undir meðalveiði árána 1974-1999. Netaveiði er nú

stunduð á Suðurlandi í Ölfusá, Hvítá og Þjórsá en netaveiði er lítil í öðrum landshlutum.



Fjöldi netveiddra laxa á Íslandi 1974-2000

Hafbeitt á laxi var stunduð í allmiklum mæli hér á landi einkum á árunum 1988-1996 en hún hefur farið minnkandi á síðustu þremur árum. Sumarið 2000 endurheimtust einungis 375 laxar, sem vógu um 2 tonn, í hafbeitt. Löxum til hafbeitar var síðast sleppt vorið 1998.





Fjöldi endurheimtra laxa úr hafbeitt á Íslandi 1974-2000

## Veiðihorfur sumarið 2001

Á undanförunum árum hafa fiskifræðingar Veiðimálastofnunar reynt að gera sér grein fyrir horfum á komandi veiðisumri. Margir samverkandi þættir ráða því hvort laxgengd verður góð eða slök.

Hrygning og seiði í ánum eru undirstaðan og þar eru gjarnan 3-5 seiðaárgangar í ánum á hverjum tíma. Seiðabúskapur er mældur víða í veiðiánum á hverju ári. Sjá má í þeim mælingum styrk þeirra árganga sem fara til sjávar vori síðar. Afföll geta þó orðið

mismikill frá hausti til útgöngu vorið eftir. Seiðaútgangan ræðst af umhverfisskilyrðum vorið og sumarið við útgöngu. Ef kalt er í ánum fara seiðin síðar til sjávar og þau eru færri og stærri þegar þau halda til sjávar. Hin smærri ná þá ekki þroska og sitja eftir í ánum. Þetta getur haft áhrif á fjölda gönguseiða einkum norðanlands og austan. Sjávarskilyrði ráða mestu um afdrif seiðanna sem út ganga en jákvæð fylgni hefur verið milli sjávarhita að vori og laxgengdar ári síðar. Þetta á einkum við um Norður- og Austurland, en tengslin eru mun veikari á Vestur- og Suðurlandi og þar er sveifla milli ára í laxgengd minni. Við góð sjávarskilyrði getur lítil seiðaárgangur gefið af sér góða laxgengd og í slæmu ári getur orðið lítið úr stórum gönguseiðaárgangi. Samband hefur verið milli smálaxagengdar og stórlaxagengdar ári síðar. Þetta samband breyttist fyrir hálfum öðrum áratug þannig að nú koma hlutfallslega mun færri stórlaxar en áður miðað við fjölda smálaxa úr sama gönguseiðahópi. Stórlax er meira norðanlands og þar eru áhrifin því mest. Þessi breyting hefur átt sér stað í öllu N-Atlantshafi og eru orsakir óþekktar en tilgátur hafa komið fram. Minnkun í stórlaxaveiði hefur þó ekki komið fram í heildarveiði á landinu því smálaxaveiði hefur verið meiri að jafnaði á þessu tímabili og haldið uppi heildarfjölda laxa í veiði.



Fyrri myndin sýnir fjölda veiddra smálaxa og stórlaxa á Íslandi. Seinni myndin sýnir samanlagðan fjölda smálaxa og stórlaxa. Á báðum myndum er miðað við sama gönguseiða árgang.

Þessu til viðbótar ráða skilyrði til veiða alltaf nokkru, þættir eins og vatnsrennsli og vatnshiti, sem ráðast af veðurfari og snjóalögum.

Rétt er að líta á þessa þætti eins og þeir horfa fyrir veiðina nú í sumar. Þeir seiðaárgangar sem ganga áttu til sjávar vorið 2000 voru undir og í meðallagi í stærð í flestum ám. Talsverðan breytileika er að finna innan og milli áa í seiðaástandi hin seinni ár, en áður fyrr mátti oft sjá að árnar í sama landshluta fylgdust að í seiðabúskap. Vorið 2000 gengu seiði út á venjulegum tíma, ekki varð nein töl á útgöngu þeirra eins og gerst hefur sum sumar þar á undan. Samkvæmt upplýsingum Hafrannsóknarstofnunar var sjávarhiti fyrir Norðurlandi hár vorið 2000 líkt og árið þar á undan. Smálaxagengd sumarið 2000 var hins vegar slök þrátt fyrir háan sjávarhita fyrir Norðurlandi vorið 1999 og er það gagnstætt fyrri reynslu. Þetta kom verulega á óvart og eru skýringar ekki fundnar. Hár sjávarhiti vorið 2000 ætti samkvæmt reynslunni að þýða góða smálaxagengd nú í sumar, en setja verður ákveðna fyrirvara vegna reynslunnar vorið 1999 og smálaxagengdar 2000. Stórlax hefur meiri þýðingu norðanlands þar sem herra hlutfall veiði byggir á honum en á Vesturlandi.



Þar sem smálaxagengd var slök víðast hvar á landinu sumarið 2000 lítur ekki vel út með stórlaxagengd á komandi sumri, einkum ef lítið er til dvínandi stórlaxagengdar síðasta hálfan annan áratug. Stangveiði ætti því að geta orðið í slöku meðallagi upp í meðalveiði sumarið 2001.

Ljóst er að auka þarf sjávarrannsóknir á laxi verulega frá því sem nú er til að skýra þær miklu breytingar á laxgengd og veiði sem sést hafa á undanförunum árum.

## Happdrætti

Til að örva skil á merkjum úr tilraunum og rannsóknaverkefnum stofnunarinnar eiga þeir sem skila merkjum af fiski möguleika á vinningi í happdrætti Veiðimálastofnunar. Fyrir merkjaskil sumarið 2000 voru dregnir 6 vinningshafar úr 944 innsendum örmerkjum, slöngumerkjum og mælimerkjum.

### Dregið hefur verið í merkjahappdrætti

#### Veiðimálastofnunar

1. verðlaun, fékk Gunnar Örn Pétursson, Reykjavík. Vinningurinn er veiðileyfi í Laxá á Ásum í 1 dag, sumarið 2001. 2 stangir. Veiðihús fylgir. Gunnar veiddi lax í Laxá í Leirársveit sem var sleppt sem seiði í ánni.

2. verðlaun, fékk Sigurður P. Sigurðsson, Reykjavík. Vinningurinn er veiðileyfi í Fremri Laxá á Ásum í 1 dag sumarið 2001. 2 stangir. Veiðihús fylgir. Sigurður veiddi lax í Vesturdalsá sem merktur var í gönguseiðagildru þar.

3. verðlaun, fékk Helgi Halldórsson, Kópavogi. Vinningurinn er Ambassadeur

6600 flækjufrítt veiðihjól og ABU Conolon CPS96-3M kaststöng. Í boði Veiðimannsins ehf. Helgi veiddi urriða í Veiðivötnum sem sleppt sem seiði í vötnin.

4. verðlaun, fékk Jón Baldursson, Þorlákshöfn. Vinningurinn er Fenwick Ironfeather IFF 908-2 flugustöng og Night Hawk 8/9 fluguveiðihjól. Í boði Veiðimannsins ehf. Jón veiddi urriða í Veiðivötnum sem sleppt var sem seiði þar.

5. verðlaun, fékk Eiríkur Þorleifsson, Seltjarnanesi. Vinningurinn er Berkley Troutbaiter TBSE-90L veiðistöng og 6 glerkrukkur af Power Bait gervibeitu. Í boði Veiðimannsins ehf. Eiríkur veiddi lax í Laxá í Leirársveit sem sleppt var sem seiði í ánni.

6. verðlaun, fékk Guðmundur Valdimarsson, Ísafirði. Vinningurinn er Fantasia ferðagrill frá Olúfélaginu hf. Hann fékk lax í veiðarfæri úti á sjó. Laxinn var merkur var sem seiði á Írlandi.

### Veiðileikur fyrir börn og unglunga

Veiðimálastofnun stóð fyrir veiðileik í samvinnu við Veiðimanninn ehf og Olúfélagið hf. Börn voru hvött til að senda teikningu eða ljósmynd sem tengdist veiðiferð sumarsins. Alls bárust okkur 55 myndir. Veitt voru 10 verðlaun.

1.verðlaun fékk Hallgrímur Þór Katrínarson, Kópavogi. Barnapoka frá Red Wolf með veiðistöng, veiðihjóli, línu, önglum og segulnöglum.

2.-10. verðlaun fengu: Agnes Líf Höskuldsdóttir, Mosfellsbæ. Ásgeir Jónasson, Reykjavík. Davíð Örn Hreiðarsson, Kópavogi. Ester Viktoría Ragnarsdóttir, Reykjavík.

Fanney Skúladóttir, Blönduósi. Friðrik Theodórsson, Reykjavík. Heiða Karen Sæbergsdóttir, Reykjavík. Ragnhildur Friðriksdóttir, Sauðarkróki og Sara Mjöll Magnúsdóttir, Hellu. Þau fengu stangasett frá Red Wolf.

Við viljum þakka öllum þeim sem tóku þátt í leiknum fyrir þátttökuna.

Hægt er að skoða vinningsmyndirnar á heimasíðu Veiðimálastofnunar.



**1. verðlaun í veiðileik fyrir börn og unglinga. Hallgrímur Þór Katrínarson teiknaði myndina.**

## Ritaskrá

### Alþjóðlegt efni í bókum og tímaritum

Bjarni Jónsson og Einar Svavarsson, 2000. Connection between egg size and early mortality in arctic charr, *Salvelinus alpinus*. *Aquaculture*. 187: Bls. 315-317.

Bjarni Jónsson og Skúli Skúlason, 2000 Polymorphic segregation in arctic charr *Salvelinus alpinus* (L.) from Vatnshlidarvatn, a shallow Icelandic lake. *Biological Journal of the Linnean Society*. 69: Bls. 55-74.

G.S.Jonsson, I.R.Jonsson, M.Björnsson and S.M.Einarsson. Using regionalization in mapping the distribution of the diatom species *Didymosphenia geminata* (Lyngb.) M, Smith in Icelandic rivers. *Verh. Internat. Verein. Limnol.* 27: 340-343. April 2000.

Hilmar J. Malmquist, Thórólfur Antonsson, Guðni Guðbergsson, Skúli Skúlason and Sigurður S. Snorrason 2000. Biodiversity of macroinvertebrates on rocky substrate in the surf zone of Icelandic lakes. *Verh. Internat. Verein. Limnol.* 27 121-127.

Toivonen, A-L., Appelblad, H., Bengtsson, B., Geertz-Hansen, P., Guðbergsson, G., Kristófersson, K., Kyrkjebø, H., Navrud, S., Roth, E., Tuunainen, P., og Weissglas, G., 2000. Economic value of recreational fisheries in the Nordic countries. *TemaNord* 2000:604, 70 bls.

### Skýrslur og greinar

Bjarni Jónsson, Bjarni K. Kristjánsson, Guðni Magnús Eiríksson og Hjalti Þórðarson, 2000. Rannsóknir á botngerð og seiðastofnum í Austari Jökulsá og hliðarám, Vestari Jökulsá og Hofsá. Áhrif virkjunar við Villinganes á vatnalíf á vatnasvæði Héraðsvatna í Skagafirði. Skýrsla unnin fyrir Verkfræðistofuna Stoð. 47 bls. VMST-N/00001.

Bjarni Jónsson, 2000. Rannsóknir á seiðastofnum Deildarar 1999. VMST-N/N/00002.

Bjarni Jónsson, 2000. Rannsóknir á seiðastofnum í Laxá á Ásum og Efri Laxá 1999. VMST-N/00003.

Bjarni Jónsson, 2000. Rannsóknir á seiðastofnum Sæmundarar árið 1999. VMST-N/00004.

Bjarni Jónsson, 2000. Rannsóknir á seiðastofnum Ormarsár 1999. VMST-N/N/00005.

Bjarni Jónsson, 2000. Rannsóknir á seiðastofnum í Víðidalssá og Fitjá 1999. VMST-N/00006.

Bjarni Jónsson, 2000. Húseyjarkvísl 1998 og 1999. VMST-N/00007.

Bjarni Jónsson og Guðmundur Ingi Guðbrandsson, 2000. Rannsóknir á seiðastofnum Fljótaár árið 2000. VMST-N/00008.

Bjarni Jónsson, 2000. Rannsóknir á botngerð og búsvæðamat á Fljótaá. VMST-N/00009.

Bjarni Jónsson, 2000. Fnjóská 2000. Athugun á ástandi seiðastofna. VMST-N/00010.

Bjarni Jónsson, 2000. Rannsóknir á seiðastofnum Sæmundarar árið 2000. VMST-N/00011.

Bjarni Jónsson og Guðmundur Ingi Guðbrandsson, 2000. Rannsóknir á seiðastofnum Vatnsdalsár árið 2000. VMST-N/00012.

Elizabeth D. Linton, 2000. Effects of water temperature on the swimming and climbing activities of glass eels (*Anguilla sp.*), entering the River Vogslækur, southwestern Iceland. B.S Ritgerð. University of Guelph, Ontario. Kanada.

Friðþjófur Árnason, 2000. Rannsóknir á seiðabúskap í Úlfarsá og Seljadalsá 1999. Veiðimálastofnun, VMST-R/0002.

Friðþjófur Árnason, 2000. Búsvæði laxfiska í vatnakerfi Úlfarsár 1999. Veiðimálastofnun, VMST-R/0003.

Guðni Guðbergsson 2000. Silungsveiði í Mývatni á árunum 1985-1998. Skipting afla milli Ytri- og Syðriflóa. VMST-R/0004. 27 bls.

- Guðni Guðbergsson 2000. Lax og silungsveiðin 1999. VMST-R/0006, 22 bls.
- Guðni Guðbergsson 2000. Laxá í Aðaldal. Seiðabúskapur, endurheimtur gönguseiða og veiði 1999. VMST-R/0012, 46 bls.
- Guðni Guðbergsson 2000. Icelandic Salmon, Trout and Charr Catch Statistics 1999. VMST-R/0013, 18 bls.
- Guðni Guðbergsson 2000. Laxá í Þingeyjarsýslu ofan Brúa. Seiðarannsóknir og urriðaveiði 1999. VMST-R/0016, 16 bls.
- Guðni Guðbergsson og Ragnhildur Magnúsdóttir 2000. Kaldakvísl og Sultartangalón. Fiskstofnar og lífríki. VMST-R/0020, 22 bls.
- Guðni Guðbergsson 2000. National report for Iceland. The 1999 salmon season. International Council for the Exploration of the Sea. North Atlantic Salmon Working Group. Working paper 00/13.
- Guðni Guðbergsson 2000. Veiðin í Mývatni. Dagur, 20. okt. 2000.
- Guðni Guðbergsson, Magnús Jóhannsson, Sigurður Már Einarsson, Sigurður Guðjónsson og Þórólfur Antonsson 2000. Fiskeldi í kvíum. Veiðimaðurinn, No 162, 55 árg: 68-70.
- Guðni Guðbergsson og Sigurður Guðjónsson 2000. EU concerted action SALMODEL. N-Ireland, May 2000. National report for Iceland. 4 bls.
- Ingi Rúnar Jónsson og Sigurður Guðjónsson. 2000. Vatnakerfi Blöndu 2000. Seiðabúskapur og hitamælingar. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMSTR/0021X.
- Nafnlaust (Jóhannes Sturlaugsson o.fl.) 2000. Report of the CATAG group on Improvements of Tagging Methods for Stock Assessment and Research in Fisheries. 2000. Fair project: CT.96.1394. 220 bls.  
*Skýrslan var sameiginlegt verk þátttakenda í Evrópuverkefninu "Concerted Action for Tagging of Fishes" (CATAG) sem voru frá Íslandi, Danmörku, Noregi, Finnlandi, Svíþjóð, Bretlandi, Írlandi, Belgíu, Ítalíu og Grikklandi.*
- Magnús Jóhannsson, 2000. Mat á búsvæðum laxfiska á vatnasvæði Grenlækjar í Landbroti. Veiðimálastofnun, VMST-S/00001X: 22 bls.
- Magnús Jóhannsson, 2000. Fiskrannsóknir á Eldvatni í Meðallandi. Veiðimálastofnun, VMST-S/00002X: 24 bls.
- Magnús Jóhannsson, 2000. Frá starfsemi Suðurlandsdeildar Veiðimálastofnunar árið 1999. Veiðimálastofnun VMST-S/00003: 8 bls. (Einnig í ársrit Búnaðarsamband Suðurlands 1999).
- Magnús Jóhannsson, 2000. Fiskrannsóknir á vatnasvæði Varmár í Ölfusi árið 1999. Veiðimálastofnun, VMST-S/00004X: 14 bls.
- Magnús Jóhannsson, 2000. Fiskrannsóknir á vatnasvæði Skógár. Veiðimálastofnun, VMST-S/00005X: 9 bls.
- Magnús Jóhannsson og Guðni Guðbergsson 2000. Aldursrannsóknir á urriða úr Öxará 1999. VMST-S/00006X. 8 bls.
- Magnús Jóhannsson og Benóný Jónsson, 2000. Úfljótuvatn. Fiskrannsóknir árið 2000 VMST-S/00007: bls.
- Magnús Jóhannsson og Benóný Jónsson, 2000. Seiðarannsóknir í Öxará, Ölfusvatnsá, Villingavatnsá og útfalli Þingvallavatns árið 2000. VMST-S/00008X: 17 bls.
- Magnús Jóhannsson og Benóný Jónsson, 2000. Fiskrannsóknir á vatnasvæði Þjórsár árið 2000. VMST-S/00009: 23 bls.
- Magnús Jóhannsson og Benóný Jónsson, 2000. Rannsóknir á fiski og bitmýi í Sogi árið 2000. VMST-S/00010: 23 bls.
- Momoko Kawai, 2000. The recruitment mechanism of Atlantic eels entering Icelandic waters. Msc. Ritgerð. Tokyo University. Japan.
- Sigurður Már Einarsson 2000. Norðlingafljót í Borgarfirði. Mat á framleiðslugetu fyrir lax. Veiðimálastofnun. Vesturlandsdeild. Skýrsla. VMST-V/0001. 21 bls.
- Sigurður Már Einarsson 2000. Rannsóknir í Þverá 1999. Veiðimálastofnun. Vesturlandsdeild. Skýrsla. VMST-V/0002. 14 bls.
- Sigurður Már Einarsson 2000. Gljúfurá 1999. Veiðimálastofnun. Vesturlandsdeild. Skýrsla. VMST-V/0003. 8 bls.
- Sigurður Már Einarsson 2000. Athuganir á búsvæðum og fiskvegagerð í Haukadalsá efri.

- Veiðimálastofnun. Vesturlandsdeild. Skýrsla. VMST-V/0004. 9 bls.
- Sigurður Már Einarsson, Friðþjófur Árnason og Rúnar Ragnarsson 2000. Rannsóknir í Langadalsá árin 1999 – 2000. Veiðimálastofnun. Vesturlandsdeild. VMST-V/0005. 10 bls.
- Sigurður Már Einarsson, Friðþjófur Árnason og Þórólfur Antonsson 2000. Búsvæðamat í vatnakerfi Þverár í Borgarfirði. Veiðimálastofnun. Vesturlandsdeild. VMST-V/0006. 11 bls.
- Sigurður Már Einarsson 2000. Dunká í Dalasýslu. Niðurstöður hreistursrannsókna. Veiðimálastofnun. Vesturlandsdeild. VMST-V/0007. 6 bls.
- Sigurður Már Einarsson og Friðþjófur Árnason 2000. Fiskirannsóknir í Heydalsá í Mjóafirði. Veiðimálastofnun. Borgarnesi. VMST-V/00008. 6 bls.
- Sigurður Már Einarsson og Rúnar Ragnarsson 2000. Fiskirannsóknir í Flókadalsá ofan Lambafoss árið 2000. Veiðimálastofnun Borgarnesi. VMST-V/0009. 8 bls.
- Sigurður Már Einarsson og Friðþjófur Árnason 2000. Seiðabúskapur Straumfjarðarár árið 2000. Veiðimálastofnun Borgarnesi. VMST-V/0010. 9 bls.
- Sigurður Már Einarsson, Friðþjófur Árnason og Rúnar Ragnarsson 2000. Gljúfurá í Borgarfirði. Laxarannsóknir árið 2000. VMST-V/0011. 14 bls.
- Sigurður Már Einarsson og Sigurður Guðjónsson 2000. Fiskræktartilraunir. Sleppingar sumarialinna laxaseiða í Straumfjarðará, Vatnsdalsá og Hofsa. Veiðimálastofnun. Reykjavík. VMST-R/0010. 17 bls.
- Sigurður Már Einarsson og Þorleifur Eiríksson 2000. Rannsóknir á Fjarðarhornsa og Skálmardalsá vegna hugsanlegrar efnistöku. Náttúrustofa Vestfjarða. 13 bls.
- Sigurður Guðjónsson og Ingi Rúnar Jónsson. 2000. Vatnakerfi Blöndu 2000. Göngufiskur og veiði. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMSTR/0022X
- Stefán Már Stefánsson, 2000. Fæðuval álsins (*Anguilla sp.*) í Vífilstaðavatni. Ritgerð fimm eininga rannsóknaverkefni. Háskóli Íslands Líffræðiskor. Hólar, júní 2000.
- Valdimar Gunnarsson 2000. Kræklingarækt: Tæknilausnir og kostnaður. Veiðimálastofnun. VMST-R/0023. 18 bls.
- Valdimar Gunnarsson, Guðrún G. Þórarinsdóttir, Sigurður Már Einarsson og Sigurður Guðjónsson 2000. Kræklingarækt á Prins Edward eyju: Ferðaskýrsla. Veiðimálastofnun. VMST-R/0015. 17 bls.
- Valdimar Gunnarsson 2000. Arðsemi kræklingaræktar á Íslandi. Veiðimálastofnun. VMST-R/0024. 25 bls.
- Valdimar Gunnarsson, Sigurður Már Einarsson og Guðrún G. Þórarinsdóttir 2000. Kræklingarækt á Íslandi. VMST-R/0025. 81 bls.
- Vífill Oddsson og Sigurður Már Einarsson. Norðlingafljót í Borgarfirði. Fiskvegur við Barnafoss í Hvítá. Hraunveita í Litla Fljót. Teiknistofan Óðinstorgi. 16 bls.
- Þórólfur Antonsson 2000. Rannsóknir á seiðabúskap og veiði í Hölkná í Þistilfirði. VMST-R/0001. 10 bls.
- Þórólfur Antonsson og Sigurður Guðjónsson 2000. Rannsóknir á fiskistofnum vatnasviðs Elliðaáanna 1999. VMST-R/0005. 33 bls.
- Þórólfur Antonsson 2000. Rannsóknir á fiskistofnum Selár 1999. VMST-R/0007. 11 bls.
- Þórólfur Antonsson 2000. Rannsóknir á fiskistofnum Hofsa 1999. VMST-R/0008. 15 bls.
- Þórólfur Antonsson og Sigurður Guðjónsson 2000. Vesturdalsá 1999. Gönguseiði, endurheimtur og seiðabúskapur. VMST-R/0009. 20 bls.
- Þórólfur Antonsson 2000. Laxastofn Leirvogsa 1999. VMST-R/0011. 12 bls.
- Þórólfur Antonsson 2000. Verklýsing fyrir mat á búsvæðum seiða laxfiska í ám. VMST-R/0014. 10 bls.
- Þórólfur Antonsson 2000. Mat á búsvæðum laxaseiða í Vesturdalsá. VMST-R/0017. 9 bls.

Þórólfur Antonsson og Guðni Guðbergsson 2000. Silungur í Elliðavatni. Samantekt rannsóknna 1987-1999. VMST-R/0018, 31 bls.

Þórólfur Antonsson og Jón S. Ólafsson 2000. Rannsóknir á lífríki áa í Reyðarfirði. VMST-R/0019x. 22 bls.

## Fyrirlestrar

Bjarni Jónsson. Álár á Íslandi, vistfræðileg sérstaða? Staða þekkingar og nýjar rannsóknir. Fyrirlestur Líffræðifélag Íslands febrúar 2000.

Bjarni Jónsson. Parallel sympatric segregation in arctic charr and threespined stickleback in Lake Galtarból, Iceland. Ráðstefna: Ethology, Evolutionary Ecology and Conservation of Fishes. Georgia USA, maí 2000.

Bjarni Jónsson og Skúli Skúlason, 2000. Evolution of diversity in Icelandic arctic charr Workshop on Arctic charr biodiversity, conservation, management and culture

10-13<sup>th</sup> September 2000. LUSTO, the Finnish Forest Museum, Punkaharju, Finland.

Bjarni Jónsson, 2000. Diversity of Icelandic arctic charr. Implications for conservation and exploitation. Workshop on Arctic charr biodiversity, conservation, management and culture 10-13 th. September 2000. LUSTO, the Finnish Forest Museum, Punkaharju, Finland.

Friðþjófur Árnason, 2000. Mismunur á hlutfalli kynþroska laxaseiða eftir búsvæðum í fjórum ám á Íslandi. Föstudagsfyrirlestrar Líffræðistofnunar, Reykjavík mars 2000.

Friðþjófur Árnason, 2000. Búsvæði laxfiska og verndun þeirra. Fyrirlestur fluttur á stangveiðimessu, Reykjavík maí 2000.

Guðni Guðbergsson 2000. Áhrif rasks á fiskstofna. Erindi flutt á vinnufundi um Landbrot af völdum fallvatna. Forvarnir og aðgerðir. Kirkjubæjarklaustur 13. og 14. október.

Guðni Guðbergsson 2000. Status report for Iceland. Erindi flutt á vinnufundi í Concerted action verkefni Evrópusambandsins um lax í Norður-Atlantshafi. Belfast á Norður-Írlandi, maí 2000.

Guðni Guðbergsson 2000. The 2000 salmon season. Erindi flutt á vinnufundi Alþjóða hafrannsóknaráðsins í Kaupmannahöfn í apríl 2000.

Guðni Guðbergsson 2000. Fiskstofnar og virkjanir. Erindi flutt á fundi um umhverfisáhrif Kárahnjúkavirkjunar. Fundur haldinn af verkefnisstjórn í stjórnstöð Landsvirkjunar 28. október.

Guðni Guðbergsson 2000. Verðmæti stangveiði á Íslandi. Erindi flutt á fundi Veiðimálastofnunar sem bar yfirskriftina "Framtíð villtra laxastofna og fiskeldi á Íslandi" sem haldin var í Salnum í Kópavogi 28. nóvember.

Jóhannes Sturlaugsson 2000. Vertical movements of homing Atlantic salmon (*Salmo salar* L.) in coastal and oceanic waters. Erindi flutt í febrúar 2000 á ráðstefnunni "Symposium on Tagging and Tracking Marine Fish with Electronic Devices" sem haldin var á vegum Háskóla Hawaii í Miðstöð austurs-vesturs, Honolulu Hawaii.

Jóhannes Sturlaugsson 2000. Distribution & migration routes of salmonids in Icelandic waters as reconstructed from hydrographical information received by fish data storage tags & corresponding information received by satellites, moored loggers & other means. Erindi flutt í febrúar 2000 á ráðstefnunni "Symposium on Tagging and Tracking Marine Fish with Electronic Devices" sem haldin var á vegum Háskóla Hawaii í Miðstöð austurs-vesturs, Honolulu Hawaii.

Jóhannes Sturlaugsson 2000. Lífshættir dvergbleikju í Straumsvík. Erindi flutt í febrúar 2000 hjá Íslenska álfélaginu í Straumsvík.

Jóhannes Sturlaugsson 2000. Tagging techniques: Experience examples from the Atlantic. 2000. Erindi flutt í mars á lokafundi í ECOMARE verkefninu en þátttakendur þess voru frá háskólum og hafrannsóknastofnunum frá nokkrum löndum við Miðjarðarhafið (Frakkar, Spánverjar, Ítalir og Grikkir). Fundurinn var haldinn af GIS Posidonie, í Marseille á Hotel La Résidence du Vieux Port, 14-19 Mars 2000.

Jóhannes Sturlaugsson 2000. Gönguhegðun bleikju rannsökuð með rafeindafiskmerkjum í Húnafirði. Erindi flutt í mars í Árósum, félagsheimili fluguveiðifélagsins Ármanna.

Jóhannes Sturlaugsson 2000. Migration pattern of arctic char (*Salvelinus alpinus* L.) recorded in sea & freshwater by data storage tags during feeding & spawning migration in NW-Iceland. Erindi flutt á ráðstefnu sem bar yfirskriftina 4th International Charr Symposium er haldin var dagana 26. júní -1. júlí 2000 í Delta Conference Center, Trois-Rivières, Québec,

Jóhannes Sturlaugsson 2000. Fish data storage tags (DSTs) enable a new approach in fish research and stock assessment: New dimension of information available by DSTs measurements regarding fish behaviour and their marine habitat 2000. Erindi flutt á ráðstefnunni The Third World Fisheries Congress undir þeim hluta er bar yfirskriftina Contribution of information technology to fisheries sustainability. Ráðstefnan var haldin í Beijing International Convention Center, Peking Kína, 31. október – 4. nóvember 2000.

Magnús Jóhannsson, 2000. Fiskrannsóknir á vatnasvæði Ölfusár-Hvítár. Fundur Rótaryklúbbs Selfoss, Hótel Selfossi 9. maí.

Magnús Jóhannsson, 2000. Lífsskilyrði laxfiska og veiðihlunnindi á vatnasvæði Skaftár. Fundur um Skaftá, jökulhlaup og áveitur, Hótel Kirkjubæjarklaustri 14. október.

Magnús Jóhannsson, 2000. Fiskrækt markmið og leiðir. Fræðslufundur Samtaka veiðifélaga á Suðurlandi um fiskræktarmál á Suðurlandi, Hlíðarenda á Hvolsvelli, 7. nóvember.

Sigurður Már Einarsson 2000. Kynning á stöðu rannsókna í Norðlingafljóti í Borgarfirði. Erindi haldið á fundi með stjórn Vf. Norðlingafljóts og Hvítár þann 16. febrúar.

Sigurður Már Einarsson 2000. Rannsóknir í Þverá árið 1999. Erindi flutt á aðalfundi Veiðifélags Þverár 20. febrúar.

Sigurður Guðjónsson 2000. Starfsemi Veiðimálastofnunar 1999. Erindi haldið á ársfundi stofnunarinnar í Kópavogi 17. mars 2000.

Sigurður Guðjónsson 2000. Rannsóknir Veiðimálastofnunar og veiðinýting á Íslandi. Erindi haldið á ársfundi Landssambands veiðifélaga á Laugarvatni 9. júní 2000.

Sigurður Guðjónsson 2000. Rannsóknir Veiðimálastofnunar. Erindi haldið á ársfundi Landssambands stangveiðifélaga í Reykjavík 30. október 2000.

Sigurður Guðjónsson 2000. Fjölbreytileiki íslenskra laxastofna. Erindi haldið á ráðstefnu Veiðimálastofnunar í Kópavogi 28. nóvember 2000.

Sigurður Guðjónsson 2000. Rannsóknir Veiðimálastofnunar og veiðinýting á Íslandi. Erindi haldið á fundi Rotaryklúbbs Reykjavíkur 8. febrúar 2000.

Þórólfur Antonsson 2000. Veiðinýting í íslenskum laxveiðiám. Hvers ber að gæta? Fyrirlestur haldinn á ársfundi VMST í Kópavogi 17. mars .

Þórólfur Antonsson 2000. Rannsóknir á laxi í Elliðaám. Fyrirlestur haldinn hjá Orkuveitu Reykjavíkur, að Suðurlandsbraut 22 Reykjavík 28. mars.

Þórólfur Antonsson 2000. Rannsóknir á laxi í Vopnafirði í samanburði við lykilár í öðrum landshlutum. Haldinn í skála slysavarnarfélagsins á Vopnafirði 22. ágúst

Þórólfur Antonsson 2000. Laxfiskar í Elliðavatni og Elliðaám: líffræði, lífssaga og langtímabreytingar. Haldinn hjá Hinu íslenska náttúrufræðifélagi (HÍN) í Lögberg 27. nóv.

## Veggspjöld

Jóhannes Sturlaugsson, Ingi Rúnar Jónsson, Friðþjófur Árnason, Stefán Eiríkur Stefansson og Sigurður Guðjónsson. 2000. Life Habits of Dwarf Arctic Char (*Salvelinus alpinus* L.) in a Tidal Spring Area SW-Iceland. Veggspjald á ráðstefnunni 4th International Charr Symposium er haldin var dagana 26. júní -1. júlí 2000 í Delta Conference Center, Trois-Rivières, Québec, Kanada.

Þórólfur Antonsson og Sigurður Guðjónsson 2000. The consequences of variable time of smolt migration of Atlantic salmon in North Iceland. Veggspjald á ráðstefnunni: International Congress on the Biology of Fish. Haldin í Aberdeen 24.-27. júlí.

Þorkell Heiðarsson, Þórólfur Antonsson og Sigurður Snorrason 2000. Do variations in growth pattern during the sea phase reflect return rates in Atlantic salmon. Veggspjald á ráðstefnunni: International Congress on the Biology of Fish. Haldin í Aberdeen 24.-27. júlí

## Útdrættir og samantektir

Holm, M., Axelsen, B.E., Huse, I., Aure, J., Ervik, J., Jóhannes Sturlaugsson, Hvidsten, N.A., Johnsen, B.O. & Ikonen, E. 2000. A summary of Norwegian experiments with tracking the early marine migration of Atlantic salmon (*Salmo salar*) post-smolts with hydroacoustic transmitters. Ráðstefnan Symposium on Tagging and Tracking Marine Fish with Electronic Devices sem haldin á vegum Háskóla Hawaii í Miðstöð austurs-vesturs, Honolulu Hawaii. Ráðstefnurit: 26 (útdráttur).

Jóhannes Sturlaugsson. 2000. Vertical movements of homing Atlantic salmon (*Salmo salar* L.) in coastal and oceanic waters. Ráðstefnan Symposium on Tagging and Tracking Marine Fish with Electronic Devices sem haldin á vegum Háskóla Hawaii í Miðstöð austurs-vesturs, Honolulu Hawaii. Ráðstefnurit: 48-49 (samantekt).

Jóhannes Sturlaugsson. 2000. Distribution & migration routes of salmonids in Icelandic waters as reconstructed from hydrographical information received by fish data storage tags & corresponding information received by satellites, moored loggers & other means. Ráðstefnan Symposium on Tagging and Tracking Marine Fish with Electronic Devices sem haldin á vegum Háskóla Hawaii í Miðstöð austurs-vesturs, Honolulu Hawaii. Ráðstefnurit: 46-47 (samantekt).

Jóhannes Sturlaugsson. 2000. Migration pattern of arctic char (*Salvelinus alpinus* L.) recorded in sea & freshwater by data storage tags during feeding & spawning migration in NW-Iceland. Ráðstefnan 4th International Charr Symposium er haldin var dagana 26. júní -1. júlí 2000 í Delta Conference Center, Trois-Rivières, Québec Kanada. Ráðstefnurit: 52 (útdráttur).

Jóhannes Sturlaugsson, Ingi Rúnar Jónsson, Friðþjófur Árnason, Stefán Eiríkur Stefansson og Sigurður Guðjónsson. 2000. Life Habits of Dwarf Arctic Char (*Salvelinus alpinus* L.) in a Tidal Spring Area SW-Iceland. Ráðstefnan 4th International Charr Symposium er haldin var dagana 26. júní -1. júlí 2000 í Delta Conference Center, Trois-Rivières, Québec Kanada. Ráðstefnurit: 69 (útdráttur).

Jóhannes Sturlaugsson, Vilhjálmur Þorsteinsson og Sigmar Guðbjörnsson. 2000. Fish data storage tags (DSTs) enable a new

approach in fish research and stock assessment: New dimension of information available by DSTs measurements regarding fish behaviour and their marine habitat. 2000. Flutt á The Third World Fisheries Congress undir þeim hluta er bar yfirskriftina Contribution of information technology to fisheries sustainability. Ráðstefnan var haldin í Beijing International Convention Center, Peking Kína, 31. október – 4. nóvember 2000. Ráðstefnurit: 258 (útdráttur).

Sigurður Guðjónsson 2000. Fjölbreytileiki íslenskra laxastofna. Erindi haldið á ráðstefnu Veidimálastofnunar í Kópavogi 28. nóvember 2000. Útdráttur.

## Gestafyrirlestrar

Fred W. Allendorf 2000. Conservation of Atlantic salmon populations and possible genetic effects of aquaculture. Erindi haldið á ráðstefnu Veidimálastofnunar í Kópavogi 28. nóvember 2000. Útdráttur.

Ian A. Fleming 2000. Interactions between aquaculture and wild salmon in Norway. Erindi haldið á ráðstefnu Veidimálastofnunar í Kópavogi 28. nóvember 2000. Útdráttur.

## Alþjóðleg ráðstefna um fiskvegi haustið 2001

Dagana 20-22. september 2001 verður haldin alþjóðleg ráðstefna um fiskvegi og tengda þætti á Grand Hótel í Reykjavík. Fyrir ráðstefnunni stendur norrænn hópur um fiskvegi sem starfað hefur um árabíl og hélt síðast stóra ráðstefnu um fiskvegi í Ósló 1998. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu stofnunarinnar [www.veidimal.is](http://www.veidimal.is).